

BÖRN Í BÍL

Um öryggi barna í bíl



Hvað segja lögin?

Ökumaður og farþegar í bíl eiga að vera með öryggisbeltin spennt. Það mega ekki vera fleiri í bílnum en hann er skráður fyrir og allir eiga að nota viðeigandi öryggisbúnað.

Barn undir 135 cm verður að vera í viðurkenndum öryggisbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd.

Í ökutækjum má einungis nota öryggis- og verndarbúnað fyrir börn sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglum ECE nr. 44.04 eða 44.03.

Sekta má ökumann sem ekki sér til þess að börn undir 15 ára aldri noti viðeigandi öryggisbúnað.

► Góð ráð

Lestu vel leiðbeiningarnar svo stóllinn sé rétt festur og barnið þitt öruggt. Strekktu vel á beltunum, barnabílstóllinn á að vera vel festur líkt og barnið í honum.

Öryggisbúnaður verður að henta bæði barni og bíl. Ráðlagt er að leita í sérhæfða verslun og hafa helst barnið með til að máta stólinn. Til að stóll hæfi bíl og sé rétt festur er mælt með að fylgja bæði leiðbeiningum frá framleiðanda stólsins og í handbók bílsins.

Merkingar á viðurkenndum barnabílstólum



ECE 44-03 eða ECE 44-04

Fyrstu tveir tölu-stafirnar í löngu talnaruninni undir eða á eftir E-merkinu skulu vera 03 eða 04.



i-Size

Viðurkenninguna i-Size, sem tók gildi 1. október 2013, fá aðeins bílstólar sem festir eru með Isofix. Upplýsingar um lágmarkshæð barns og leyfilega hámarksþyngd til að mega nota stólinn skulu koma greinilega fram.



Þyngd: 0 - 13 kg

Aldur: 0 - 1 árs



Bakvísandi barnabílstóll


● Virkur loftpúði bannaður

Öruggast er að velja bakvísandi barnabílstól.

Hægt er að fá sérstaka hækkun eða bakstuðning fyrir t.d. fyrirbura.

Þyngd: 9 - 18 kg

Aldur: 9 mánn - 4 ára



Bakvísandi barnabílstóll

● Virkur loftpúði bannaður


Framvísandi barnabílstóll

● Virkur loftpúði bannaður

Öruggast er að nota bakvísandi barnabílstól eins lengi og mögulegt er.

Þyngd: 15 - 36 kg

Aldur: 4 - 10 ára



Bílpúði með baki


● Virkur loftpúði bannaður

Bílupúði án baks

● Virkur loftpúði bannaður

Öruggast er að nota bílpúða með baki eins lengi og mögulegt er. Ráðlegt er að skipta yfir í bílpúða án baks ef barnið er vaxið upp fyrir brún baksins.

Barn 135 cm eða hærra



Hefðbundið bílsæti

● Lægra en 150 cm: Virkur loftpúði bannaður

● 150 cm eða hærra: Loftpúði virkur

Þegar barn hefur náð 135 cm hæð er ekki skylt að nota sérstakan öryggisbúnað annan en öryggisbelti. Ráðlagt er að nota bílpúða ef barninu líður betur á honum.



Þyngd: 0 – 13 kg

Aldur: 0 – 1 árs

Bakvísandi barnabílstóll



● Virkur loftpúði
bannaður

► Bakvísandi barnabílstóll er öruggari

Ungbarnabílstól má nota frá fæðingu barnsins. Ef aka á langa vegalengd er ráðlegt að stöðva bílinn reglulega og taka barnið úr stólnum.

Barnið er vaxið upp úr ungbarnabílstólum þegar höfuð þess er farið að ná upp fyrir brún stólsins eða barnið orðið þyngra en þyngdarmörk stólsins segja til um. Það gerist yfirleitt um 8 – 13 mánaða aldur allt eftir vaxtarhraða barnsins.



Mælt er með að börn séu í bakvísandi stólum fram að 15 mánaða aldri.

► Í fram- eða aftursæti?

Ef þú ert ein/einn á ferð með barnið í bíl getur verið kostur að hafa ungbarnabílstólinn í framsæti en þá má ekki vera virkur loftpúði fyrir framan stólinn.

Mundu að stöðva bílinn ef barnið fer að trufla athygli þína við aksturinn.

Ef tveir fullorðnir eru saman í bíl með barn þá borgar sig að annar aðilinn sitji í aftursætinu við hlið barnsins sem haft er í ungbarnabílstól.



Þyngd: 9 – 18 kg

Aldur: 9 mánaða – 4 ára

► Bakvísandi eða framvísandi?

Bakvísandi barnabílstóll



- Virkur loftpúði bannaður

Framvísandi barnabílstóll



- Virkur loftpúði bannaður

Öruggast er að velja bakvísandi barnabílstól. Barnið snýr þá baki í akstursstefnu og er hætta á hrygg- og höfuðmeiðslum minni en í framvísandi stól.

Bakvísandi barnabílstóll tekur aðeins meira pláss en framvísandi stóll en passar samt í flesta bíla.

Ráðlagt er að nota bakvísandi stól þar til barnið verður 3 – 4 ára.

Margir velja framvísandi stól vegna þess að það er auðveldara að setja þá í bílinn og ökumaðurinn er í betra sambandi við barnið í aftursæti. Auðvelt er að færa flesta framvísandi barnabílstóla á milli bíla.

Hægt er að setja bakvísandi og framvísandi barnabílastóla í framsæti bílsins. Athugið að það er bannað og getur auk þess verið lífshættulegt að hafa bakvísandi barnabílstól í framsæti þar sem er virkur öryggispúði fyrir framan sætið. Munið að gera öryggispúðann óvirkan sé hann fyrir framan barnabílstól og á sama hátt að virkja hann aftur áður en fullorðinn einstaklingur notar sætið.

Hliðaröryggispúðar eru ekki hættulegir börnum sem eru rétt spennt í barnabílstóla. Hvorki börn né fullorðnir eiga að leggja höfuðið að bílhurð þar sem hliðaröryggispúðar eru staðsettir.



Þyngd: 15 – 36 kg

Aldur: 4 - 10 ára

► Frá barnabílstól til bílpúða með baki

Bílpúði með baki




- Virkur loftpúði bannaður

Við 3 – 4 ára aldur eru flest börn vaxin upp úr barnabílstólum. Þá er kominn tími til að skipta yfir í bílpúða með baki.

Á bílpúða með baki sér barnið vel út úr bílnum og bílbeltið fellur rétt að öxl og mjöðm. Á púðanum og bakinu (eftir því sem við á) eru hök til þess að þræða bílbeltið í þannig að það falli rétt að líkama barnsins og svo að bílpúðinn renni ekki undan barninu við árekstur.

Bílpúði án baks



- Virkur loftpúði bannaður

Bakið og höfuðpúðinn veita líkama barnsins hliðarvörn. Ef barnið sofnar í bílnum getur það lagt höfuðið að höfuðpúðanum.


Best er að nota bílpúða með baki þar til barnið hefur náð 135 cm hæð. Ekki á að skipta yfir í bílpúða án baks nema barnið sé vaxið upp úr baki bílpúðans og höfuð þess komið upp fyrir brún höfuðpúðans.



135 cm á hæð eða hærra

► Frá bílpúða til bílbeltis

Venjulegt bílsæti



Þegar barnið hefur náð 135 cm hæð má það nota öryggisbelti bílsins án bílpúða.

Haldið áfram að nota bílpúðann ef barninu finnst það betra. Barnið má aldrei setja bílbeltið undir handlegg. Það gæti reynst lífshættulegt.

● **Undir 150 cm:**
Virkur loftpúði bannaður

● **150 cm á hæð eða hærra:**
Loftpúði virkur



Börn og loftpúðar

Börn og loftpúðar eiga ekki samleið. Barnið verður að vera orðið 150 cm á hæð til að mega sitja fyrir framan virkan loftpúða. Virkur loftpúði getur valdið barni skaða sem er undir 150 cm á hæð.

► Hvað segja lögin?

Það er bannað að hafa barn í bakvísandi barnabílstól gegnt virkum loftpúða. Barn sem er lægra en 150 cm má ekki sitja gegnt virkum loftpúða í farþegasæti.

► Að gera loftpúða óvirkan

Ef nauðsynlegt er að vera með barnið í framsæti verður undantekningalaust að gera loftpúðann óvirkan. Í sumum tilfellum getur ökumaður sjálfur gert loftpúðann óvirkan með lykli. Lestu leiðbeiningar bílsins vel áður en loftpúðinn er gerður óvirkur.

Í einhverjum tilfellum þarf að fara með bifreiðina á verkstæði til að aftengja loftpúða. Allar upplýsingar þar um eiga að fást hjá bílaumboðum. Mjög mikilvægt er hinsvegar að loftpúðinn sé virkur þegar fullorðinn einstaklingur situr gegnt honum.

► Hliðarloftpúðar

Hliðarloftpúðar eru ekki hættulegir börnum sem eru rétt fest í viðeigandi búnað. Hvorki börn né fullorðnir ættu að hvíla höfuðið við bílhurð sem hefur hliðarloftpúða.

ISOFIX - festingar í bílum

► Smelltu stólnum föstum


Í flestum nýjum bílum eru Isofix festingar í aftursæti. Tvær litlar málmfestingar leynast á milli aftursætis og baks sem griparmar stólsins læsast í.

Isofix festingar gera það kleift að festa Isofix barnabílstól auðveldlega í bílinn. Gripörmum stólsins er rennt inn í festingarnar og smellt föstum.

Flesta framvísandi Isofix barnabílstóla þarf auk þess að festa með öryggisól sem fer frá baki stólsins yfir bak bílsætisins og niður í festingu á bakinu eða í gólfi bílsins. Skoðið leiðbeiningar með stólnum.

Isofix-stóllinn er búinn tveimur gripörmum sem læsast í festingar sem fyrir eru í bílnum.

Isofix-festingar eru milli setunnar og sætisbaksins.





Munum að spenna beltin - alltaf

Þá munu börnin líka gera það

Mikilvægt að muna:

- ▶ **Taktu barnið og bílinn með þegar keyptur er barnabílstóll**
Allt þarf að passa saman
- ▶ **Festu barnabílstólinn rétt og vel**
Lestu vel leiðbeiningarnar og strekktu vel á beltunum
- ▶ **Notaðu bakvísandi stól eins lengi og mögulegt er**
Það er öruggast
- ▶ **Gættu þess að allt sé í réttum skorðum**
Að barnið sé vel og rétt fest í stólinn og að stóllinn sé fastur
- ▶ **Barnið má ekki sitja gegnt virkum loftpúða**
Barn undir 150 cm á hæð má ekki sitja á móti virkum loftpúða

